Þórunn Hannes Stefán Kristján Andri Vernharð Lára Anton Þórey Magnús Arna Bjarni Gunnar Harpa Jóhanna Kristín

LIND FASTEIGNASALA

Uppspretta ánægjulegra viðskipta

510 7900

KÓPAVOGSBLAÐIÐ

Dreift frítt í öll hús í Kópavogi. 12. september 2015, 40. tbl. 11. árgangur

www.kopavogsbladid.is

Arion banki

Jón Adolf Steinólfsson, bæjarlistamaður og Ragnar Th. Sigurðsson, heiðurslistamaður Kópavogs.

Jón Adolf, bæjarlistamaður og Ragnar Th. heiðurslistamaður

Jón Adolf Steinólfsson, myndhöggvari, er bæjarlistamaður og Ragnar Th. Sigurðsson, ljósmyndari og Norðurheimskautsfari, er heiðurslistamaður Kópavogsbæjar í ár. Lista- og menningarráð tilkynnti þetta við hátíðlega athöfn í Gamla Kópavogsbænum í vikunni. Vel var við hæfi að kynna útnefninguna í Gamla Kópavogsbænum en stefnt er að því að í þessu gamla og friðaða húsi verði haldin sýning næsta sumar á verkum þeirra grunnskólanema sem Jón Adolf, bæjarlistamaður, mun starfa með í vetur og kenna tréútskurð og jákvæða hugsun. Jón Adolf hefur tekið þátt í tugum samsýninga í gegnum árin og haldið fjölmargar einkasýningar en auk þess hefur hann haldið námskeið í listsköpun fyrir ýmsa aðila.

...framhald á blaðsíðu 14.

Bikarinn aftur heim í Kópavog 2

Kópavogsbúi mánaðarins 4

„Gerum allt til að börnunum líði vel“ 6

Að borða með prjónum 13

Hamraborg 8

Útgefandi: ago útgáfa slf
Ritstjóri: Auðun Georg Ólafsson
Sími: 899 3024
Netfang: audun@kopavogsbladid.is
Heimasíða: www.kopavogsbladid.is
Umbrot: Guðmundur Árnason
Prentun: Landsprent
Dreifing: Póstdreifing

NÆSTA BLAÐ KEMUR ÚT 26. SEPTEMBER
KOPAVOGSBLADID@KOPAVOGSBLADID.IS
SÍMI: 899 3024

Kópavogsblaðinu er dreift frítt í öll hús í Kópavogi

Ritstjórnarstefnan er eftirfarandi: Kópavogsblaðið vill stuðla að aukinni samheldni og samstöðu Kópavogsbúa. Við höfum sérstakan áhuga á skemmtilegu mannlífi og atvinnulífi í Kópavogi og því sem gerir Kópavog að sérstökum og jákvæðum bæ að búa í, starfa og heimsækja.

LEIÐARI

Auðun Georg Ólafsson, ritstjóri.

Kópacabana

Það er búið að vera partý í stúkunni á Kópavogsvelli og veislan heldur áfram í dag klukkan fjögur. Þá tekur kvennalið Breiðabliks við Íslandsmeistaratitlinum sem er loksins kominn aftur heim. Ástæða er til að hvetja sem flesta á völlinn til að samgleðjast með stelpunum sem sýnt hafa mikla yfirburði í sumar.

Vagga knattspyrnu kvenna er í Kópavogi og þar eiga titlarnir heima. Stuðningsmannasveitin Kópacabana hefur farið á kostum í sumar og stutt dyggilega við bakið á meistaraflokkum karla- og kvennaliðum Breiðabliks í fótbolta. Íþróttir blómstra í Kópavogi, sem og á landsvísu. Sumir tala um hina „nýju útrás“ í þessu samhengi, sem er þó öllu meira lituð af auðmýkt og æðrulausi en hin fyrri. Í blaðinu í dag er rætt við enn einn afreksíþróttamanninn, sem hefur kannski ekki farið mikið fyrir hingað til en á heiður skilið. Hann heitir Hilmar Örn Jónsson og er einn besti sleggjukastari heims í sínum aldursflokki og á örugglega eftir að ná langt. Að baki liggur þrotlaus vinna, öflugt stuðningsmannanet og aðstaða á heimsvísu. Er von nema að spurt sé hvort ekki væri eðlilegast að þjóðarleikvangurinn væri í Kópavogi, bænum sem hefur sýnt mikinn metnað í þessum málaflokki hin síðustu ár?

ÍÞRÓTTIR

Bikarinn aftur heim

Fögnuðurinn var gríðarlegur í leikslok eftir viðureign Breiðabliks og Þórs/KA nyrðra í vikunni þar sem að Blikar tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn langþráða með sigri, 1-2. Akureyringar komust yfir en á 47. mínútu jafnaði **Thelma Hjaltalín** leikinn **með** glæsilegu marki þegar hún þrumaði knettinum óverjandi í fjærhornið utan af vinstri kanti. Eftir markið náðu Blikar góðum tökum á leiknum og markvarðarskelfirinn **Fanndís Friðrikisdóttir** setti boltann örugglega í netið og kom Blikum yfir eftir laglega sendingu frá **Svövu Rós Guðmundsdóttur.** Lokamínútur leiksins voru æsispennandi en Blikastúlkur héldu velli og fögnuðu sigri og stigunum sem dugðu til að tryggja Íslandsmeistaratitilinn. Bikarinn verður afhentur eftir lokaleikinn sem fram fer á Kópavogsvelli í dag klukkan 16. Ekki verður komist hjá því að minnast á þátt hinnar mögnuðu stuðningsmannasveitar **Kópacabana**. Það eru ekki mörg kvennalið, ef einhver, sem geta státað af jafn góðum stuðningi. Þeir lögðu land undir fót til að styðja stelpurnar alla leið að markinu.

ÚTIVISTAR-REGLURNAR*
*Skv. 92 gr. laga nr. 80/2002

Á skólatíma

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 20

13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 22

SAMAN
www.samanhopurinn.is

FORELDRAR VERUM SAMTAKA!

GAMLA MYNDIN

Hvað, hvar og hvenær?

Myndin sem við birtum núna er tekin af Sigurði Einarssyni og er varðveitt í Héraðsskjalasafni Kópavogs. Hún sýnir þar sem horft er upp á Rjúpnahæð, núverandi Austurkór og nærliggjandi götur. Bretar reistu loftskeytastöð á hæðinni í seinni heimsstyrjöld sem Bandaríkjamenn tóku síðar við. Eftir stríð var stöðin notuð til fjarskipta allar götur til 2007 þegar félagið Flugfjarskipti ehf. (nú hluti Isavia) flutti starfsemi sína frá Kópavogi og byggði upp loftskeytamöstur í nágrenni Grindavíkur. Íbúabyggðin færðist upp á hæðina og möstrin sem svo lengi einkenndu svæðið hurfu ásamt tilheyrandi byggingum. Hafi lesendur einhverjar sögur eða minningar tengdar Rjúpnahæð og starfseminni þar væri fróðlegt að heyra frá þeim. Hafa má samband við Héraðsskjalasafn Kópavogs, Digranesvegi 7 (gamla pósthúsinu) milli kl. 10 og 16 alla virka daga, í síma 544 4711 eða á netfangið gunnarmh@kopavogur.is.

BREIÐABLIK

Til hamingju Breiðablik, Íslandsmeistarar 2015

Bikarinn kemur aftur heim og verður formlega afhentur á Kópavogsvelli í dag klukkan 16:00 eftir leik Breiðabliks gegn ÍBV

Hvetjum alla Kópavogsbúa til að mæta og fagna með okkur!

Frítt inn á völlinn í boði:

LINDEX

Kæru Kópavogsbúar.

Verið velkomin á opna fundi hjá Samfylkingunni í Kópavogi alla mánudaga í vetur þar sem málefni líðandi stundar vera krufin til mergjar!

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, hefur leik mánudaginn 14. september n.k. Hann mun fara yfir stjórnmálaástandið, starf flokksins og stemminguna. Fundurinn hefst kl. 20:00 og er haldinn í félagsmiðstöð Samfylkingarinnar í Kópavogi, Hlíðasmára 9, 3. hæð.

Fylgist með á betrikopavogur.is

SAMKÓP

Samkóp hvetur alla foreldra grunnskólabarna að taka þátt í foreldrastarfi síns skóla.

Samkóp eru regnhlífarsamtök foreldrafélaga grunnskóla Kópavogs.

Samkóp er á facebook, kíkið við.

SAMKÓP

OKKAR MAÐUR

Hilmar Örn Jónsson er Kópavogsbúi mánaðarins

Hilmar Örn Jónsson er einn besti sleggjukastari heims í sínum aldursflokki.

Kópavogsbúi mánaðarins kemur úr Kórahverfinu og er einn besti sleggjukastari heims í sínum aldursflokki. Hann heitir Hilmar Örn Jónsson og er nemandi á náttúrufræðibraut við Menntaskólann í Kópavogi. Hann tók þátt í Norðurlandameistaramóti ungmenna undir 19 ára sem haldið var í lok ágúst í Espoo í Finnlandi. Þar sýndi Hilmar Örn að það stenst honum enginn snúning í sleggjuhringnum í unglingaflokki á Norðurlöndum. Hilmar Örn varð Norðurlandameistari í sleggjukasti en hann átti fjögur lengstu köst keppninnar og kastaði lengst 77,60 metra en Norðurlandamet hans er 79,81 metrar. En hvernig vaknaði áhuginn á sleggjukasti? „Pabbi minn, Jón Auðun Sigurjónsson, er þjálfari í frjálsum íþróttum og dró mig snemma með á æfingar. Þar kviknaði fyrst áhuginn. Ég fór að æfa meira og meira og fann að sleggjukastið lá vel fyrir mér. Ég fór að kasta lengra og lengra. Þetta er íþrótt sem reynir gríðarlega á; bæði úthald, styrk og snerpu og hefur í raun allt það sem alvöru íþrótt hefur að bera. Þetta er allt öðruvísi sport en kannski margir ímynda sér," segir Hilmar Örn sem er á leið í háskólanám í Bandaríkjunum eftir útskrift og stefnir á að bæta Íslandsmetið í sleggju sem er 74,48 metrar með karlaáhaldi sem er örlítið þyngri en sleggjan sem notuð er í unglingaflokki. „Það er bara tímaspursmál hvenær ég næ Íslandsmetinu," segir Hilmar Örn Jónsson, Kópavogsbúi mánaðarins og einn besti sleggjukastari í heimi í sínum aldursflokki.

Á DÖFINNI

RIFF í Kópavogi hefst 24. september

Reykjavík International Film Festival
24. sept.–4. okt 2015

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin RIFF fagnar samstarfi við Kópavog, annað árið í röð. Dagskrá hátíðarinnar í bænum verður afar fjölbreytt, fyrir unga sem aldna. Á dagskrá er meðal annars sundbíó fyrir börn og fjölskyldur; viðburðir og kvikmyndasýningar í Gerðarsafni þar sem mörk kvikmyndalistar og myndlistar verða könnuð, djasstónar úr kvikmyndum Woody Allen óma í Salnum og bókasafnið breytist í bíó. Líkt og í fyrra verður boðið upp á tvö ólík kvikmyndanámskeið í grunnskólum og svo verður Molinn með kvikmyndasýningu sem og opinn dag hjá Kvikmyndakommúnunni. Nánar má fræðast um dagskránna á riff.is

SKÓLAMÁL

Nemendur í Kópavogi fá spjaldtölvur

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri og Alexandra Björg Magnúsdóttir við afhendingu fyrstu spjaldtölvunnar.

Alexandra Björk Magnúsdóttir, elsti nemandi 9. bekkjar Hörðuvallaskóla, tók við fyrstu spjaldtölvunni fyrir hönd nemenda í 8. og 9. bekk skólans í vikunni. Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri Kópavogs afhenti Alexöndru tækið.
„Við höfum alltaf verið stolt af skólunum okkar í Kópavogi, en vitað um leið að það er ekki vænlegt til árangurs að standa í stað. Spjaldtölvuvæðing grunnskólanna er byltingarkennt verkefni sem við erum stolt af og hlökkum að framkvæma," sagði bæjarstjóri Kópavogs við tækifærið.
Í kjölfarið var vígt glæsilegt húsnæði unglingadeildar Hörðuvallaskóla í Kórnum. Þar hafa verið innréttaðar sjö skólastofur og starfsmannaaðstaða og verða fleiri stofur teknar í notkun um áramót.
Nemendur í 8. og 9. bekkjar Hörðuvallaskóla og annarra grunnskóla í Kópavogi fengu svo afhentar spjaldtölvur í skólastofum sínum og er þar með spjaldtölvuvæðing grunnskóla Kópavogs hafin af fullum krafti. Tæplega 900 tæki eru afhent að þessu sinni en innleiðing spjaldtölva í grunnskóla í Kópavogi hefst með þessum tveimur árgöngum. Sjötti og sjöundi bekkur fær spjaldtölvur upp úr áramótum og síðustu tveir árgangar næsta haust. Allir grunnskólakennarar í Kópavogi fengu spjaldtölvur í júní síðastliðnum.

AÐSENT

Athugasemd varðandi spjaldtölvur

Við nemendur í 10. bekk hér í grunnskóla í Kópavogi erum ósátt við þá tilraun sem verið er að gera varðandi spjaldtölvur. Krakkar í 8. og 9. bekk fá spjaldtölvu fyrir áramót og síðan fá 5 -7. bekkur eftir áramót.

Samkvæmt bæjarstjórn tekur því ekki fyrir 10. bekk að fá spjaldtölvur sem við erum afskaplega óánægð með. Nemendum í 8. og 9. bekk mun síðan gefast tækifæri til þess að kaupa spjaldtölvurnar eftir 10. bekk á mjög miklum afslætti. Ef þetta er spurning um fjármagn gætu spjaldtölvurnar gengið niður til næsta 5. bekkjar þegar 10. bekkur útskrifast, ef þau fengju ekki að kaupa þær. Við höfum skilning á því að það sé ekki endilega tilbúið námsefni fyrir okkur en okkur finnst þetta flestum mjög ósanngjarnt.

Stefanía Arna Víkingsdóttir,
nemandi í 10. bekk Álfhólsskóla.

Velkomin á HAUSTNÁMSKEIÐ 2015

Myndlistarskóli Kópavogs

Láttu DRAUMINN rætast

Skráning er hafin fyrir haustnámskeiðin.

Verið velkomin

Barna-
Unglinga og
Fullorðins
Námskeið

- Teiknun
- Málun
- Vatnslitamálun
- Leirmótun
- Pappamassi
- Vefsíðugerð

Skólinn er með frábæra kennara, sem auka á fjölbreytni námskeiða. Nemandinn ætti að geta fundið kennara við sitt hæfi.

Modelmálun

Modelvatns-
litamálun

Modelteiknun

Höfuð- og Andlits-
teiknun

Myndlistarskóli Kópavogs býður upp á fjölbreytt úrval af námskeiðum fyrir börn, unglinga og fullorðna.

Skoðaðu nánar úrvalið hjá okkur á vefsíðu skólans
www.myndlistaskoli.is

Skráning í síma
564 1134
og á skrifstofu skólans
mánud.- fimmtud. 14:00-16:00.

Skráning á netinu:
myndlist@myndlistaskoli.is

Vefskráning fyrir börn

Nánari upplýsingar:
www.myndlistaskoli.is

EVRÓPSK SAMGÖNGUVIKA Í KÓPAVOGI

16.-22. september 2015

Veljum. Blöndum. Njótum

Miðvikudagur, 16. september

Dagur íslenskrar náttúru

Síðsumarsganga umhverfis- og samgöngunefndar og Sögufélags Kópavogs kl. 17:00-19:00

Gangan hefst við tjörnina í Kópavogslæk, neðan Fífuhvamms og endað við Dalveg.
Þar verður boðið upp á grillpylsur og ferð til baka að upphafsreit fyrir þá sem það vilja. Sjá nánar á www.kopavogur.is

Setning evrópskrar samgönguviku í Kópavogi

Kveikt verður á lýsingu við Smáralind kl. 21:00 og við lerki í Kópavogsdal kl. 21:30.

Fimmtudagur, 17. september

Hjólalestin – Nemendur 8.bekkja grunnaskóla Kópavogs bjóða til hjólalestar kl. 9:00-12:40

Íbúum er boðið að taka þátt í hjólalest grunnskóla Kópavogs þar sem hjólaðir verða tveir hringir. Sjá nánar á www.kopavogur.is
Efri hringur: Lagt af stað kl. 9:00 frá Salaskóla Neðri hringur: Lagt af stað kl. 9:00 frá Smáraskóla

Föstudagur, 18. september

Málþing „Hjólum til framtíðar“ kl. 9:00-16:00 – Smárabíó í Smáralind

Málþing í Smárabíói um vistvænar samgöngur í umsjón LHM og Hjólafærni á Íslandi í samstarfi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.
Fjölbreytt úrval innlendra og erlendra fyrirlesara. Sjá nánar á www.kopavogur.is

Laugardagur, 19. september

Evrópsk samgönguvika í Smáralind. kl. 11:00-16:00

Kynning á rafbílum, vespum, rafmagnsreiðhjólum, reiðhjólum, útivistarfatnaði og dekkjum. Sjá nánar á www.kopavogur.is
Íbúar í Kópavogi eru hvattir til að kynna sér fjölbreytta ferðamáta og þær kynningar sem eru í boði.

Sunnudagur, 20. september

Evrópsk samgönguvika í Smáralind. kl. 11:00-16:00

Kynning á rafbílum, vespum, rafmagnsreiðhjólum, reiðhjólum, útivistarfatnaði og dekkjum. Sjá nánar á www.kopavogur.is
Íbúar í Kópavogi eru hvattir til að nýta sér tækifærið að kynna sér þá fjölbreytta ferðamáta og þær kynningar sem eru í boði.

Mánudagur, 21. september

Hjólaferð kl. 17:30-19:00

Hjólaður verður „activity“ hringur Kópavogsbæjar sem er hluti af Reykjavik Loves cycling verkefninu.
Lagt af stað frá bílastæði HK í Fagralundi kl.17:30 og endað í trjásafni Meltungu í grillveislu.

Þriðjudagur, 22. september

Bíllausi dagurinn

Strætó bs. býður frítt í strætó á höfuðborgarsvæðinu í tilefni dagsins.
Íbúar hvattir til að skilja bílinn eftir heima og nýta aðra samgöngumáta þennan dag.

EVRÓPSKSAMGÖNGUVIKA
16.-22. SEPTEMBER

BLANDAÐU FLANDRIÐ
www.dotherightmix.eu

VIÐTALIÐ

„Gerum allt sem við getum til að börnum okkar líði vel“

Benedikt Bragi Sigurðsson, skólasálfræðingur í Álfhólsskóla, Kópavogsskóla, Smáraskóla og Vatnsendaskóla, hlaut nýlega styrk úr Forvarnarsjóði Kópavogsbæjar til að ýta úr vör verkefni sem ætlað er að efla félagsfærni barna. Við tókum Benedikt tali og fræddumst nánar um þetta verkefni; um bakgrunn hans og um starf skólasálfræðings í Kópavogi.

Benedikt Bragi Sigurðarsson, skólasálfræðingur í Álfhólsskóla, Kópavogsskóla, Smáraskóla og Vatnsendaskóla.

Við byrjum á klassískri spurningu, hverra manna ert þú og hver er þinn bakgrunnur?

„Ég ólst upp fyrstu árin á Grímsstöðum á Fjöllum í Þingeyjarsýslu, en pabbi er þaðan. Hann fann mömmu hins vegar í Lindarhvammi í Kópavogi, þar höfðu amma og afi byggt sér hús. Afi vann meðal annars í Seðlabankanum en amma kenndi í Digranesskóla sem nú er Álfhólsskóli. Við fluttum svo í Borgarnes, þá Hvanneyri og loks fluttu foreldrar mínir í Lindarhvamminn en ég flutti út. Pabbi hefur fengist við ýmislegt eftir að hann hætti búskap, en mamma er keramiker og kennari. Ég er í sambúð með Ingu Dóru Jóhannsdóttur viðskiptafræðingi og vöruhönnuði, og saman eigum við þrjú börn og kött,“ segir Benedikt og bros-ir. Hann tók BA gráðu í sálfræði við Háskóla Íslands en tók síðan framhaldsnám við Kaupmannahafnarháskóla. „Ég tók reyndar starfsnámið hér heima við Landspítalann og skrifaði lokaritgerðina í samstarfi við Landspítalann og Hjartavernd. Það var spennandi verkefni sem snéri að rannsókn um tengsl á milli sykursýki 2 og alvarlegs þunglyndis meðal aldraðra,“ segir Benedikt. „Notast var við gagnagrunn Hjartaverndar sem er einstakur. Ég fékk hæstu einkunn fyrir þetta verkefni í Danmörku. Starfsleyfi fékk ég sem sálfræðingur árið 2010 og fór að starfa hjá grunnskóladeild Kópavogsbæjar árið 2011,“ segir Benedikt. En í hverju er starf skólasálfræðings fólgið? „Starf skólasálfræðings felst í því að gera athuganir á vanda barna, sem getur til að mynda verið tilfinningalegs eðlis; hegðunarvandi, námslegir erfiðleikar og fleira því tengt. Sálfræðingar sinna greiningum, viðtölum, ráðgjöf og fræðslu. Sumum málum er vísað áfram eins og við á, oft á tíðum í úrræði utan skólans, en einnig felst starfið í því að veita ráðgjöf sem nýtist í starfi innan skólans. Við sem störfum við grunnskólana erum í skólunum sjálfum dags daglega, og erum í náinni samvinnu við stjórnendur, kennara og starfsfók skólanna. Í flestum öðrum sveitarfélögum er þessu eilítið öðruvísi háttað, en ég tel þetta mjög gott fyrirkomulag hér í Kópavogi og gæti ekki hugsað mér annað.“

> **Markmiðið er ekki að foreldrar eigi að njósna um annarra manna börn, finna sökudólga eða skamma foreldra**

Hvað getur þú sagt okkur um forvarnarverkefnið sem hlaut styrk úr Forvarnarsjóði Kópavogs á dögunum?

„Veturinn 2013-2014 hafði ég verið að velta fyrir mér félagserfiðleikum barna í yngstu bekkjunum; þætti foreldra í uppeldi og samskiptum við börn og aðra foreldra, félagsfærni og fleira í þeim dúr. Um vorið tók ég eftir að veita átti styrki úr Forvarnarsjóði og sá að verkefnið var verðugt. Ég vildi vinna betur úr þessum pælingum mínum, sótti um og fékk styrk. Ég vildi koma á framfæri því sem mér þótti mikilvægt á þessu sviði, en á aðgengilegu og hnitmiðuðu formi. Ég útbjó lítinn bækling sem foreldrar barna í fyrsta bekk fengu um haustið 2014. Fimm skólar í Kópavogi tóku þátt í þessu þá en fjórir skólar endurtóku leikinn nú í haust. Í stuttu máli snýst þetta um að við gerum allt sem við getum til að börnum okkar líði vel. Liður í því er að þeim gangi vel félagslega; að þau öðlist félagsfærni, læri að koma vel fram hvert við annað og af virðingu. Til að þetta gangi sem best er mikilvægt að foreldrar séu virkir þátttakendur; tali saman, hittist, tali við umsjónarkennara, fylgist með krökkunum sínum í leik, leiðbeini krökkunum í leik og kenni þeim. Auk þess þurfa þessi samskipti að vera á jákvæðum og uppbyggjandi nótum,“ segir Benedikt og er greinilegt að þetta er honum hjartans mál. „Ég hef stundum rætt við hóp foreldra og heyrt athugasemdir í þá veru að kannski eigi skólinn að sjá um þetta. Það er reyndar svo að hver einasti kennari sem ég hef starfað með leggur sig fram um að fylgjast með og hjálpa börnunum félagslega. Ég er hins vegar sannfærður um að foreldrar geta bætt miklu við og hjálpað mikið til. Markmiðið er ekki að foreldrar eigi að njósna um annarra manna börn; finna sökudólga eða skamma foreldra. Markmiðið er að hjálpa krökkunum að leysa úr félagslegum vanda. Ef við verðum vör við einelti, eigum við þá að þegja? Auðvitað ekki, við tölum um það, og stoppum það, öllum til heilla. Ef börnin mín koma illa fram við aðra þá vil ég vita af því. Þá er ég einfaldlega í betri stöðu sem uppalandi til að hjálpa þeim að verða betri manneskjur.“

Hver eru brýnustu úrlausnarefnin þegar kemur að þessum málum í skólunum í Kópavogi í dag, að þínu mati?

„Greiningar á ADHD eru bæði algengar og tímafrekar og taka því mikið pláss af mínum tíma. Kvíði barna er einnig algengur vandi. Börn eru oft að fást við kvíða sem er almenns eðlis, en svo er algengt að kvíðinn snúist um að skilja við mömmu og pabba fyrir utan skólann, eða á ganginum fyrir utan stofuna. Eins og gengur getur kvíði verið til staðar þó barni gangi vel á öllum sviðum, en svo geta áhyggjur beinst að tilteknum þáttum. Unglingarnir hafa oft áhyggjur af því hvað öðrum finnst um þá. Hætta er á að þeir einangrist heima hjá sér sem er ekki gott. Nú er það þannig að afþreying heima við er endalaus; netið, Facebook, tölvuleikir, þættir, myndbönd og fleira. Börn og unglingar gera oft allt of mikið af þessu. Ég heyri oft í foreldrum sem vilja setja á reglur um þetta, vilja að börnin hittist og leiki sér, en tala um að þá verði að samræma reglur yfir bekki. Foreldrar þurfa að tala saman um þetta og vera samtaka. Þunglyndi fer vaxandi á heimsvísu og greiningaraldur færist neðar. Almennt séð eigum við að vera vakandi yfir líðan barna og grípa fljótt inn í, það borgar sig til lengri tíma litið, í margvíslegum skilningi.“

SAMKÓP

Börn eiga rétt á grunnmenntun án endurgjalds

Samkóp, samtök foreldrafélaga við grunnskóla Kópavogs, ályktaði á stjórnarfundi sínum nýverið að taka heilshugar undir áskorun Barnaheilla um að öll börn eigi rétt á grunnmenntun án endurgjalds. Slíkt endurómar einnig barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland hefur lögfest. Í áskorun Barnaheilla kemur fram tillaga um að 31. grein grunnskólalaga verði breytt og tekið fyrir alla gjaldtöku, þannig að grunnskólinn verði í raun gjaldfrjáls eins og kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

KARFAN

Nýr körfuboltavöllur við Smáraskóla

Nýr, afgirtur og almennilegur körfuboltavöllur er loksins kominn við Smáraskóla.

Þeir Jeremy, Friðrik, Eyþór og Aron eru afar efnilegir í boltanum. Þeir eru mjög ánægðir með völlinn og gerðu örstutt hlé á leiknum til að stilla sér upp í myn-

1

abc BARNAHJÁLP

Nytjamarkaðurinn

2

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

Fagleg og traust fasteignasala
Ögurhvarfi 6 Kópavogi
Sími: 512 3400

3

GARMINBÚÐIN

Sími 577-6000
www.garmin.is

4

MANNVIT

Mannvit er alþjóðlegt ráðgjafafyrirtæki á sviði verkfræði og tækni

5

Skalli
SÁ SVALASTI Í BÆNUM

6

Valka

Valka er hátæknifyrirtæki sem þróar og selur vélar og hugbúnað fyrir hvítfisk- og laxavinnslur. Stofnað árið 2003 í Kópavogi og þar starfa í dag tuttugu og sex manns.

Fyrirtæki og þjónusta í Hvörfunum

7

ÞEKKING
Tölvudeildin þín

Þekking er tölvudeild yfir 300 fyrirtækja

8

VÍKUR VERK

9

PRONET

Ljósleiðara lagnir, tölvulagnir, öryggis-myndavélar, loftnetskerfi.

Smásala/Heildsala/ Lagning/Tengingar/ Hönnun og ráðgjöf
www.pronet.is s. 540 3520

10

Rafmiðlun
Besta lausnin - Betra verð
www.rafmidlun.is

Rafmiðlun hf. er rafverk-taka og innflutningsfyrir-tæki stofnað 1996. Rafmiðlun býður heildar-lausnir á sviði rafverktöku; ráðgjöf, hönnun, teikningar, efnisöflun og framkvæmd.

11

World Class ICELAND

12

Fjölsmiðjan

Vinnustaður fyrir ungt fólk 16-24 ára. Nánari upplýsingar á www.fjolsmidjan.is.

Borgir

Fréttablað Kársnessafnaðar, september 2015

Frá tónleikum dómkórsins í Southwark í Lundúnum í maí síðastliðinn í safnaðarheimilinu "Borgum".

Kórstarf

Kór Kópavogskirkju hefur starfað undir stjórn Lenku Mátéová frá árinu 2007. Með kórnum syngja um þrjátíu félagar. Segja má að annars vegar sé tilgangur kórstarfsins að leggja rækt við almennan einraddaðan söng í helgihaldi safnaðarins og hins vegar að auka á fegurð og fjölbreytni helgihaldsins með til dæmis fjölröddduðum kórsöng. Einkunarorð kórstarfsins eru "gleði og gæði". Áhersla er lögð á góð samskipti, fræðslu og að allir fái notið sín í starfinu.

Meðal kórfélaga eru bæði menntaðir söngvarar og vel þjálfað áhugafólk. Kórinn heldur nokkra tónleika á ári. Æfingar eru að jafnaði á miðvikudagskvöldum frá kl.19:30-22:00 yfir vetartímann. Kórinn fór í mars s.l. til Lundúna og söng þar í messu íslendinga í Sænsku kirkjunni og hélt tónleika. Nánari upplýsingar um kórstarfið veitir kantor kirkjunnar (lenkam@internet.is). Meðfylgjandi myndir eru teknar frá utanlandsferð kórsins í mars s.l.

Kórfélagar í heimsókn í "Westminster" dómkirkjunni í Lundúnum.

Kórfélagar í tónlistar- og leiklistar skólanum "Guildhall" í "Barbican" listamiðstöðinni í Lundúnum.

Kórfélagar ásamt hluta sóknarnefndar íslenska safnaðarins í Lundúnum, sóknarpresti Kópavogskirkju og sóknarpresti Sænsku kirkjunnar í Lundúnum.

Dæmi um nýjungar í safnaðarstarfinu

Bókmenntaguðsþjónustur
Einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót. Í stað prédikunar er flutt erindi um eitthvert bókmenntaverk. Flutt er tónlist og textar, sem tengjast viðkomandi verki.

Kirkjuhlaup á aðventu
Hlaupið er á milli kirkna í samvinnu við hlaupahópinn „Bíddu Bliki".

Beðið eftir jólunum
Helgistund með börnum á aðfangadag kl. 15:00.

Guðsþjónusta á nokkrum tungumálum
Ritningartextar, bænir og sálmar á ýmsum tungumálum. Sr. Tosiki Toma, prestur nýbúa prédikar. Árlega í febrúar.

Kársnesganga eftir hátíðarguðsþjónustu á páskadag
Hátíðarguðsþjónusta er í Kópavogskirkju kl. 8:00. Boðið er upp á morgunnverð eftir guðsþjónustu. Að því loknu er gönguferð með leiðsögn sérfróðra um nágrenni Kópavogskirkju.

Prjónahópur

Hópurinn hittist fyrsta og þriðja fimmtudagskvöld í mánuði frá kl. 19:30-22:00 í safnaðarheimilinu og tekur upp prjóna eða stundar aðrar hannyrðir. Starfið hófst fimmtudagskvöldið 3. september síðastliðinn. Umsjón með starfinu hefur Guðrún Lilja Eysteinsdóttir.

Allir hjartanlega velkomnir.

Vikudagskrá í Kópavogskirkju, veturinn 2015-2016

Sunnudagar:
Guðsþjónusta og messa kl. 11:00. Sunnudagaskólinn hefst í kirkjunni en flyst eftir upphaf í safnaðarheimilið „Borgir."

Mánudagar:
Skrifstofan opin 09:00-13:00
Vetrarfermingarfræðsla kl.16:00-16:40
Sameiginleg fermingarfræðsla hópa einu sinni í mánuði kl.16:00-16:40.

Þriðjudagar:
Skrifstofan opin 09:00-13:00
Hádegisbænir í kirkju kl.12:10 og síðan hádegisverður í safnaðarheimilinu „Borgum."
„Mál dagsins" í safnaðarheimilinu frá kl.14:30-16:00
Sóknarnefndarfundir eru fyrsta þriðjudag í mánuði kl. 17:15

Miðvikudagar:
Skrifstofan opin 09:00-13:00
Starf fyrir 1-2 bekk í safnaðarheimili frá kl.14:00-15:00
Starf fyrir 3-4 bekk í safnaðarheimili frá kl.15:30-16:30
Kóræfingar frá kl. 19:30-22:00

Fimmtudagar:
Skrifstofan opin 09:00-13:00
Foreldramorgnar í safnaðarheimili 10:00-12:00
Helgistund kl.16:00 í Sunnuhlíð

Föstudagar:
Skrifstofan opin 09:00-13:00

Myndlistasýning frá nemendum Kársnesskóla

Síðastliðið vor komu börn úr 2. bekk Kársnesskóla ásamt myndmenntakennara sínum Halldóru Ágústsdóttur í heimsókn í Kópavogskirkju. Við það tilefni var opnuð sýning á myndum þeirra. Verkin eru unnin eftir að börnin höfðu fengið fræðslu um verk Gerðar Helgadóttur en steindir gluggar Gerðar prýða kirkjuna.

Visitasía vígslubiskups í Skálholti

Sr. Kristján Valur Ingólfsson, vísiteraði Kársnessöfnuð í nóvember í fyrra. Á meðfylgjandi mynd er vígslubiskup ásamt sr. Gísla Jónassyni, prófasti, Ástu Ágústsdóttur, djákna og Guðmundi Jóhanni Jónssyni, formanni sóknarnefndar.

Samskot í guðsþjónustum 13. og 20. september

Biskup Íslands hvetur söfnuði Þjóðkirkjunnar að efna til samskota í kirkjum landsins sunnudagana 13. september og 20. september nk. til stuðnings Hjálparstarfi kirkjunnar í starfsemi sinni innan ACT – Alliance á Sýrlandi og

Starf með syrgjendum vegna andláta

Hópastarf fyrir þau, sem hafa misst ástvini og aðstandendur. Starfið leiða sóknarprestur og djákni Kópavogskirkju. Algjörs trúnaðar er gætt. Nánari upplýsingar fást í síma 554-1898 á opnunartíma skrifstofu Kópavogskirkju alla virka daga á milli 09:00-13:00.

Barna- og æskulýðsstarf Kópavogskirkju

Foreldramorgnar
Á hverjum fimmtudegi frá klukkan 10:00-12:00 í safnaðarheimilinu Borgum. Umsjón með starfinu hefur Magnea Tómasdóttir, söngkona. Allir foreldrar ungra barna velkomnir. Reglulega eru heimsóknir frá aðilum með fræðslu og kynningar á ýmsu, sem tengist börnum og barnauppeldi. Starfið hefst **24. september** n.k.

Sunnudagaskólinn
Hvern sunnudag klukkan 11:00. Lögð er áhersla á fræðslu um kristna trú, gleði og söng. Sagðar eru sögur, brúður koma í heimsókn og ýmislegt annað. Sunnudagaskólann annast þau Þóra Marteinsdóttir, tónmenntakennari, Bjarmi Hreinsson, háskólanemi, Oddur Örn Ólafsson, menntaskólanemi og sr. Sigurður Arnarson. Sunnudagaskólinn hófst **6. september** síðastliðinn.

Starf fyrir börn í 1-2 bekk
Á miðvikudögum klukkan 14:00-15:00 í safnaðarheimilinu Borgum. Með því að senda tölvupóst á netfangið kopavogskirkja@kirkjan.is geta foreldrar eða forráðamenn skráð börnin og óskað eftir því að náð sé í þau í Dægradvöl í Kársnesskóla og farið með þau þangað aftur að kirkjustarfi loknu. Starfið hefst **7. október** n.k.

Starf fyrir börn í 3-4 bekk
Á miðvikudögum kl.15:30-16:30 í safnaðarheimilinu Borgum. Með því að senda tölvupóst á netfangið kopavogskirkja@kirkjan.is geta foreldrar eða forráðamenn skráð börnin og óskað eftir því að náð sé í þau í Dægradvöl í Kársnesskóla og farið með þau þangað aftur að kirkjustarfi loknu. Starfið hefst **7. október** n.k.

Æskulýðsstarf fyrir 8. bekk
Starfið er ætlað unglingum í 8. bekk. Fundir eru á þriðjudagskvöldum frá kl. 20:00-21:30 í safnaðarheimilinu Borgum. Umsjón með fundunum hafa: Helgi Steinn Björnsson, háskólanemi, Ýr Sigurðardóttir, háskólanemi og Ágústa Tryggvadóttir, menntaskólanemi. Starfið hefst **6. október** n.k.

Bæna- og kyrrðarstundir
Á þriðjudögum kl. 12:10 er bæna- og kyrrðarstund í kirkjunni. Yfir vetrartímann er boðið upp á veitingar í safnaðarheimilnu "Borgum" gegn vægu gjaldi að loknum fyrirbænum.

Safnaðarheimilið Borgir

Safnaðarheimilið Borgir stendur skammt frá kirkjunni við Hábraut 1a. Í safnaðarheimilinu er kapella og skrifstofur fyrir starfsemi safnaðarins. Þá er í húsinu glæsilegur salur, sem rúmar 140 manns til borðs og 300 manns standandi. Salinn og kapelluna er hægt að fá til leigu undir veislur, fundi og önnur mannamót.
Bókanir eru í síma 554-1898 á virkum dögum frá klukkan 09:00-13:00 eða með því að senda tölvupóst á netfangið kopavogskirkja@kirkjan.is

Aðkallandi viðgerðir á Kópavogskirkju

Kópavogskirkja stendur á Borgarholti og blasir við mörgum, sem leggja leið sína um bæinn. Kirkjan var lengi vel eina kirkjan í Kópavogi og liggja rætur margra til hennar enda tákn Kópavogs og í merki bæjarins. Kirkjan var vígð árið 1962 og þarf á verulegri viðgerð að halda meðal annars: á steypu, þaki og gluggum. Einnig þarf að mála kirkjuna að utan og innan. Steindir gluggar Gerðar Helgadóttur, sem eru einstök listaverk liggja undir skemmdum. Vegna erfiðar fjárhagsstöðu hefur Kársnessókn ekki bolmagn til að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir. Unnið hefur verið að áætlun um þann kostnað, sem hlýst af því að ljúka verkinu og eru það um 12 milljónir króna. Kópavogskirkja leitar til sóknarbarna og velunnara um aðstoð. Á fundi Bæjarráðs Kópavogs 15. maí síðastliðinn var samþykkt að styrkja Kársnessókn við framkvæmdina.
Söfnunarreikningur vegna verksins er: 0536-26-630000, kennitala:691272-0529

Mál dagsins

Starfið er fjölsótt á hverjum þriðjudegi yfir veturinn frá kl.14:30-16:00. Fyrst er sungið undir stjórn Friðriks Kristinssonar, stjórnanda Karlakórs Reykjavíkur og Lenku Mátéová, kantor Kópavogskirkju. Síðan er mál dagsins tekið fyrir, en um er að ræða ýmis málefni. Um kl.15:30 er drukkið kaffi. Stundini lýkur kl. 16:00 með stuttri helgistund. Starfið hófst **1. september** síðastliðinn.

Safnaðarferð á Stokkseyri og nágrenni

Farið verður þriðjudaginn 15. september kl. 09:30 frá safnaðarheimilinu. Áætluð heimkoma er um kl. 17:00. Ferðin kostar 5000 krónur á mann (ferðir og matur innifalinn) og allir eru velkomnir. Skráningu lauk **11. september** s.l.

Birting

Birting var samsýning, sem opnuð var maí s.l. í Gerðarsafni á verkum eftir íslenska samtímalistamenn, sem unnin eru út frá steindum gluggum Gerðar Helgadóttur (1928-1975) í Skálholtskirkju, Kópavogskirkju og víðar.

Nokkur verk Gerðar Helgadóttur voru einnig sýnd í safnaðarheimilinu þ.m.t. tillögur hennar fyrir altaristöflu í Kópavogskirkju.

Borgir – Fréttablað Kársnessóknar, 1.tbl. 2015

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Sr. Sigurður Arnarson
Umbrot: Kópavogsblaðið
Safnaðarheimilið Borgir: Hábraut 1 a, 200 Kópavogur
Sími: 554-1898
Netfang: kopavogskirkja@kirkjan.is
Veffang: www.kopavogskirkja.is
Opnunartími skrifstofu: Alla virka daga frá 09:00-13:00
Opnunartími kirkju: Eftir samkomulagi
Sóknarprestur: Sr. Sigurður Arnarson (netfang: sigurdur.arnarson@kirkjan.is). Viðtalstímar eftir samkomulagi alla virka daga nema miðvikudaga)

Djákni: Ásta Ágústsdóttir (netfang: asta.agustsdottir@kirkjan.is), viðtalstímar eftir samkomulagi.
Kantor: Lenka Mátéová (lenkam@interntet.is)
Kirkjuvörður: Helga Ósk Einarsdóttir (netfang:helga.einarsdottir@kirkjan.is, sími:898-8480)

RAUÐI KROSSINN

Alþjóðlegir foreldrar

Alla fimmtudagsmorgna hittast foreldrar með ung börn sín í Rauðakrosshúsinu að Hamraborg 11. Foreldrarnir eiga uppruna sinn að rekja um allan heim en þarna kemur saman fólk frá til dæmis Kasakstan, Sýrlandi, Bretlandi, Póllandi, Kenýa og Íslandi. Iðulega er mikið líf og fjör í húsinu þessa morgna þegar foreldrarnir sitja og ræða málin á meðan að barnahópurinn nýtur þess að leika sér saman. Alþjóðlegir foreldrar eru á vegum Rauða krossins í Kópavogi og eru hannaðir með það í huga að koma í veg fyrir félagslega einangrun foreldra sem eru heimavinnandi með ung börn eða í fæðingarorlofi. Þá er sérstaklega verið að huga að innflytjendum en einnig eru Íslendingar hvattir til að taka þátt, þannig myndar fólkið ný tengsl og eignast vini sem það annars hefði ekki kynnst. Á þessum samverustundum hefur fólkið einnig aðgang að allskonar fræðslu. Margskonar kynningar eru reglulega í boði og er þá komið til móts við óskir foreldranna. Sem dæmi má nefna fengu foreldrar heimsóknir frá svefnráðgjafa, næringarráðgjafa, Tónagulli og Móðurmáli síðastliðinn vetur. Einnig kom leiðbeinandi í skyndihjálp frá Rauða krossinum. Samverustundirnar eru vel sóttar og eru um sex til tólf foreldrar að mæta vikulega. Engin skylda er að mæta og foreldrar þurfa ekki að skrá sig né láta vita ef þeir komast ekki. Margir foreldrar mæta á meðan þeir eru í fæðingarorlofi eða atvinnulausir en skilja við hópinn þegar barnið er komið á leikskóla og þeir í vinnu. Alþjóðlegir foreldrar eru opnir öllum þeim sem vilja koma með börn á aldrinum 0-6 ára. Þar er spjallað á öllum þeim tungumálum sem foreldrar og sjálfboðaliðar kunna.

KYNNING

Myndlistaskóli Kópavogs lætur drauma rætast

Myndlistarskóli Kópavogs hefur starfað í Kópavogi í 27 ár. Þar er boðið upp á mikið úrval af námskeiðum. Ráðnir hafa verið þrír nýjir kennarar, sem auka enn á fjölbreytni námskeiða. Skólinn er staðsettur að Smiðjuvegi 74 í björtu og fallegu húsnæði, með stórkostlegu útsýni yfir Esjuna. Áhersla er lögð á að nemendur finni að þeir eru velkomnir í notalegt vinnuumhverfi. Helstu grundvallaratriði myndlistar eru kennd og lögð er áhersla á að auka færni einstaklingsins til myndsköpunar og gefa nemendum tækifæri til að njóta sköpunarhæfileika sinna. Sjá nánar: www.myndlistarskoli.is og í síma: 564 1134

ENGIHJALLI

Umbætur í Engihjalla

Hressir krakkar í Engihjalla.

Íbúasamtök Engihjalla í samstarfi við Kópavogsbæ vinna að endurbótum á lóðinni og götunni á næstu árum og áætlum við að áfangaskipta verkefninu. Á lóðinni eru nokkur útivistarsvæði ásamt bílastæðum og minni gróðurreitum sem eru fyrir framan húsin. Ætlunin er að endurgera leiksvæðin, reitina fyrir framan húsin og bílastæðin þannig að aðkoman að götunni verði meira aðlaðandi og útivistarsvæðin verði eftirsótt, bæði af börnum og fullorðnum.
Nú er lokið við gerð fyrsta áfanga sem er leiksvæðið á milli Engihjalla 11 og 19. Mikil ánægja er með svæðið sem fékk heldur betur upplyftingu í sumar og eru íbúar ánægðir með áfangann. Bæði börn og fullorðnir sækja svæðið og eru það ýmist íbúar Engihjalla og annarra í hverfinu enda eru allir velkomnir. Á þessu nýja útivistarsvæði eru góð leiktæki en einnig borð og bekkir þannig að hægt er að láta fara vel um sig og fylgjast með börnunum. Í vor bauðst Kópavogsbær til að útvega 60 grenitré í tilefni 60 ára afmælis Kópavogsbæjar og voru þau gróðursett á hreinsunardegi Íbúasamtaka Engihjalla á austur hluta lóðarinnar; austan við Engihjalla 3 í góðu samstarfi við garðyrkjustjóra og íbúa.
Stjórn Íbúasamtaka Engihjalla er ákaflega þakklát öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóg með að gera svæðið að veruleika. Viljum við nefna bæjarfulltrúana Sverri Óskarsson og Hjördísi Ýr Johnson sem mættu reglulega á fundi s.l. vetur við undirbúning ásamt starfsfólki skipulagsdeildar Kópavogsbæjar og Friðriki Baldurssyni garðyrkjustjóra. Íbúar sáu um að fjarlægja gamlar hellur á hreinsunardeginum í vor til að undirbúa vinnuna en Landmótun sá um hönnun og Garðvélar um framkvæmdir en báðir aðilar eru í Kópavogi. Sú mikla ánægja sem fólk hefur látið í ljós með breytingarnar hvetur okkur til að halda áfram að byggja upp og bæta Engihjallann og vonumst við eftir áframhaldandi samstarfi við bæjaryfirvöld; íbúa og eigendur fyrirtækja í götunni.
Byggjum upp fallegt, umhverfisvænt, heilsueflandi og félagslega sterkt hverfi sem er eftirsóknarvert til búsetu.

Stjórn Íbúasamtaka Engihjalla.

NETIÐ

Nettenging nú margfallt hraðari

Framkvæmdir í Kópavogi. Það styttist í að 64% íbúa Kópavogs farið að hlakka til þeirrar byltingar sem felst í því að nota Ljósleiðarann.

Ekki þarf að leita aftar en til ársins 1997 þegar nota þurfti svokölluð upphringimótöld til að komast á netið. Nú er öldin önnur og internetið brunar um skjáinn á ógnarhraða. Um 3.400 heimili í Kópavogi hafa nú aðgang að búnaði sem ræður við 1gb gagnahraða. Mikið átak er í ljósleiðaravæðingu í bæjarfélaginu á þessu ári og munu rúmlega 4.700 heimili bætast í hópinn á næstu mánuðum, samkvæmt upplýsingum frá Gagnaveitunni.
Reiknað er með að 63% allra heimila í Kópavogi muni geta nýtt sér ljósleiðarann fyrir lok ársins. Vodafone, Hringiðan og Hringdu bjóða viðskiptavinum sínum 500 mb nettengingu á ljósleiðara Gagnaveitunnar. Það er hraðasta nettenging til heimila sem er í boði á Íslandi í dag, að því Kópavogsblaðið kemst næst. Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur segir upplifunina á þessu háhraðaneti vera gríðarlega góða. „Íbúar í Kópavogi hafa eins og aðrir beðið lengi óþreyjufullir eftir hraðvirkum gagnasamböndum í báðar áttir. Uppbyggingin er liður í því að færa Kópavog í fremstu röð bæjarfélaga í fjarskiptum. Með Ljósleiðaranum er notuð tækni sem eykur lífsgæði almennings og upplifun af fjarskiptahraða", segir Erling Freyr og bætir því við að stefnt sé að því að tengja 1.000 nýja viðskiptavini við Ljósleiðarann á hverjum mánuði fram að áramótum. Áhugavert er að skoða þróunina í gagnahraða sem rokið hefur upp á aðeins örfáum árum. „Ég rakst á samanburð sem Neytendablaðið gerði á framboði fjarskiptafyrirtækjanna á Internetþjónustu frá 1997. Það er fróðlegt fyrir þær sakir að mesti hraðinn var þá 1Mb en algengasti hraðinn var þá 64Kb. Núna ræður búnaður Gagnaveitunnar við 1Gb. Svona breytast þarfirnar á 18 árum," segir Erling Freyr. En er þörf fyrir aukinn gagnahraða? „Á hverju heimili eru á milli fimm til tíu nettengd tæki; snjallsími á hvern fjölskyldumeðlim; sjónvörp, tölvur og spjaldtölvur.Í gegnum þessi tæki er gríðarlegu efni streymt á degi hverjum og fækkun þeirra sem horfa á línulega dagskrá er staðreynd." Gagnaveitan mun ljúka ljósleiðaravæðingu höfuðborgarinnar fyrir lok þessa árs og uppbyggingu í Kópavogi á næstu þremur árum. Þá verða liðlega 88 þúsund heimili á öllu athafnasvæði Gagnaveitunnar komin með möguleika á að nýta sér kosti Ljós-leiðarans.



Appið og Netbankinn

Við bjóðum góða þjónustu í kaffitímanum

Í Netbankanum og Appinu geturðu sinnt fjármálunum hvar og hvenær sem þér hentar

Hvort sem þú ert í kaffitíma í vinnunni, uppi í bústað eða á ferðalagi í útlöndum geturðu sinnt öllum helstu bankaviðskiptum í tölvunni eða snjalltækjum.

Kynntu þér Appið og Netbankann á islandsbanki.is

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

Íslandsbanki

Í verslunum Lyfju finnur þú nú **ýmis frábær tilboð og nýjungar fyrir haustið!**

Ný heimasíða Lyfju - **lyfja.is** - er komin í loftið. Þar getur þú nálgast ýmsar upplýsingar um vörur okkar og þjónustu, auk fjölbreytts fræðsluefnis.

Með því að skrá þig á póstlistann, **lyfja.is/vildarklubbur**, átt þú möguleika á glaðningi. Við bregðum reglulega á leik og **drögum út heppinn þátttakanda sem hlýtur glaðning frá Lyfju!** Fylgdu okkur á facebook.

LYFJA
- Lifið heil

SKAUTA HÖLLIN
REYKJAVÍK
Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:
Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00
Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30
Föstudaga
13:00 til 19:30
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00

1X2
GETRAUNANÚMER
Breiðabliks
ER 200

1X2
GETRAUNANÚMER
HK
ER 203

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.

EIGNAumsjón
www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

ADSENT

Kópavogsbær rekinn með tapi

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs sl. þriðjudag var fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar til umræðu. Við það tilefni bókaði ég eftirfarandi:

Þrátt fyrir fjölgun íbúa í Kópavogi um rúm 2% á fyrstu 6 mánuðum ársins 2015 og stöðugt verðlag er rekstrarniðurstaða A–hluta bæjarsjóðs neikvæð um 362 m.kr. Ef horft er til rekstrarniðurstöðu fyrstu sex mánaða ársins 2014 þá er niðurstaðan um 600 m.kr. lakari. Jafnframt er fyrirsjáanlegt að skuldbindingar og útgjöld, m.a. vegna lífeyrissjóðs og starfsmats mun leggjast þungt á fjárhagslega stöðu bæjarins á seinni hluta ársins.
Kópavogur er eitt skuldsettasta sveitarfélag landsins og því mikilvægt að reksturinn skili afgangi til að lækka skuldir – ekki er endalaust hægt að reiða sig á sölu eigna. Skuldir og skuldbindingar bæjarins um mitt þetta ár nema 43,8 milljörðum króna. Það jafngildir um það bil 1,3 milljón kr. á hvern bæjarbúa. Í þessari tölu eru ekki skuldbindingar gagnvart samlagsfélögunum Strætó, Sorpu og Slökkviliðsins. Jafnframt er ekki gert ráð fyrir frekari skuldsetningu ef til kæmi að kaupa 3 hæðir í Norðurturninum undir bæjarskrifstofur.

Birkir Jón Jónsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í Kópavogi.

Undirritaður hefur ítrekað bent á og lagt til að innri endurskoðun verði tekin upp hjá Kópavogsbæ sem hafi m.a. það að markmiði að stuðla að hagkvæmari og skilvirkari nýtingu fjármuna. Ekkert bólar hins vegar á því hjá meirihlutanum að slík innri endurskoðun verði sett á fót.

Það er áhyggjuefni að fyrsti árshlutareikningur núverandi meirihluta skuli ekki skila meiri árangri en raun ber vitni. Í raun er um afturför að ræða en ekki framfarir í rekstri bæjarins. Það er augljóst að rekstur bæjarins þarfnast endurskoðunar. Slíkt er einfaldlega óumflýjanlegt og nauðsynlegt.

/// STUTTAR FRÉTTIR



Sex ára börn fá bók að gjöf

BÓKASAFN KÓPAVOGS: Á Degi læsis, hinn 8. september, sendi IBBY á Íslandi í samstarfi við Forlagið frá sér fallega barnabók og er titill hennar Nesti og nýir skór. Bókin verður gefin öllum 6 ára börnum á landinu. Grunnskólar og almenningsbókasöfn eru virkjuð til að koma bókinni til barnanna. Þau hafa fengið bréf með sér heim úr skólanum frá útgefendum og fara með það í næsta bókasafn þar sem bókin verður afhent þeim gegn framvísun bréfsins. Bókasafn Kópavogs tekur fagnandi á móti öllum 6 ára börnum sem koma með bréfið sitt í fylgd með forráðamanni, annað hvort á Aðalsafnið í Hamraborg eða útibúið í Lindasafni. Þar fá börnin í hendur þessa fallegu bók, sem inniheldur valda kafla úr úrvals barnabókum liðinna ára. Hún er einstaklega vönduð að allri gerð og á efalaust eftir að gleðja lesendur sína vel og lengi.

Spennutryllir vann Gullmolann

Skjámynd úr spennutryllinum: „Það er margt sem myrkrið veit."

MOLINN: Stuttmyndahátíðin Gullmolinn var haldin hátíðleg í annað skipti miðvikudaginn 9. september. Hún var haldin í Molanum, ungmennahúsi í Kópavogi sem heldur utan um hátíðina.

Dómarar hátíðarinnar voru ekki af verri endanum en í dómarasófanum sátu Börkur Gunnarsson, leikstjóri, Sigurður Skúlason, leikari og Valdís Óskarsdóttir klippari. Hátíðin var vel sótt en um 70 manns lögðu leið sína í Molann til að fylgjast með efnilegum kvikmyndagerðarmönnum stíga á stokk með verk sín. Stemningin var létt og heimilisleg, boðið var upp á kaffi og heimatilbúið popp.

Að þessu sinni voru 13 myndir sem komust á lokakvöldið og stóðu þrjár myndir uppi sem sigurvegarar. Þriðja sætið hlaut hugljúfa heimildarmyndin Amma eftir Eyþór Jóvinsson sem segir frá jólahaldi á Flateyri. Annað sætið hlaut stuttmyndin New York, New York eftir Arnar Geir Gústafsson og Birni Jón Sigurðsson en hún segir frá vináttu tveggja drengja og fylgjast áhorfendur með síðasta degi þeirra saman. Sigurmynd Gullmolans í ár var spennutryllirinn „Það er margt sem myrkrið veit" eftir Ingu Söndru Hjartardóttur og Lovísu Láru Halldórsdóttur. Myndin fjallar um Unu sem upplifir yfirnáttúrulega hluti í kjölfar fóstureyðingar.
Það er víst að Gullmolinn festir sig nú í sessi sem árlegur menningarviðburður stuttmyndagrasrótarinnar á Íslandi. Hátíðin miðar að því að vera lyftistöng efnilegra kvikmyndagerðarmanna og er hún kærkomin viðbót í kvikmyndalíf Íslands.

Aukin flokkun og stærri gámar árið 2016

SORPA: Þjónusta við grenndargáma á höfuðborgarsvæðinu er í útboði og er stefnt að því að nýtt og betra kerfi taki við í febrúar 2016. Breytingar hófust á söfnunargámum þann 1. september og því mögulegt að raskanir verði á þjónustu meðan verið er að skipta út gámum, að því er fram kemur í tilkynningu frá Sorpu. Nýtt grenndargámakerfi, sem tekur við í febrúar, byggir á stærri gámum og auknum flokkunarmöguleikum þar sem gámar fyrir glerumbúðir munu bætast við á hluta grenndarstöðvanna. Á stærstu grenndarstöðvunum verður því hægt að flokka pappír, plastumbúðir, glerumbúðir, föt og klæði, dósir og flöskur.
Fatagámar eru á vegum Rauða kross Íslands og dósasöfnun er í höndum Skátanna, en þessir gámar eru ekki á öllum grenndarstöðvum. Söfnun á glerumbúðum á grenndarstöðvum er liður í að auka endurvinnslu á höfuðborgarsvæðinu en SORPA stefnir að því að ná yfir 95% endurnýtingarhlutfalli úrgangs frá heimilum á svæðinu á næstu árum.

Kópavogur reiðubúinn að taka á móti flóttafólki

FLÓTTAMENN: Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti einróma á fundi bæjarstjórnar síðdegis að taka á móti flóttafólki og var bæjarstjóra falið að koma afstöðu bæjarins á framfæri við Velferðaráðuneytið.
Ályktunin er svohljóðandi: „Kópavogsbær lýsir sig reiðubúinn til að taka á móti flóttafólki. Bæjarstjóra er falið að koma þeirri afstöðu á framfæri við Velferðarráðuneytið og vinna að frekari undirbúningi í samvinnu við ráðuneyti, félagsmálastjóra og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Kópavogsbær vill sýna ábyrgð og telur eðlilegt að bærinn, sem næst stærsta sveitarfélag landsins, bjóði flóttafólki aðstoð, í hlutfalli við stærð sína."

AÐSENT

Að borða með prjónum

Séra Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, prestur í Hjallakirkju.

Það var víetnamskur flóttamaður sem kenndi mér að borða með prjónum. Við sátum á Kaplaskjólsvegi í stóra húsinu sem hýsti alla flóttamennina sem komu haustið 1979 og borðuðum framandi mat, eða reyndum að borða með misgóðum árangri því að við höfðum aldrei lært að nota matarprjóna. Ég man ennþá eftir móður minni berjast við hrísgrjón og kjötbita og tauta milli samanbitinna tannana: „Það er ekkert skrítið þó að þetta fólk sé svona lítið, maður nær engu upp í sig með þessum prjónum.“ Ungur maður kraup brosandi fyrir framan mig og sýndi mér hvernig ég átti að halda á prjónunum.

Eftir nokkur matarboð til Víetnamanna var ég orðin fljúgandi fær á prjónana. Mamma líka. Þá var ég líka búin að læra að ef ég kláraði af disknum var ég að gefa til kynna að ég væri ennþá svöng. Íslensku borðsiðirnir eru ekki málið í Suðaustur Asíu.
Það voru umtalsverðar tungumálahindranir í þessum boðum. Og mikið brosað. Og örugglega talsvert um gagnkvæman lærdóm.

„Á aðfangadag kl. 5:30, einmitt þegar hárrétta rjúpnalyktin var komin í húsið, birtist einn víetnaminn með fimm föt af ilmandi mat. Hann vissi að það var stórhátíð framundan.

Ólíkir siðir

Svo fluttu allir af Kaplaskjólsveginum og fengu vinnu og smám saman urðu þeir hluti samfélagsins. Og lærðu íslensku.
Þessi hópur kom hingað til lands í september, í þann mund sem skammdegið var að skella á. Þær raddir heyrðust í fjölmiðlum og almennri umræðu að þetta væri hið versta mál, fólkið væri svo ólíkt okkur. Betra væri að hjálpa fólki til að búa nær upprunalegum heimkynnum sínum. Þetta er ekki allskostar rangt. Fólkið sem kom hafði ýmsa siði sem voru ólíkir okkar; það hefði örugglega frekar vilja búa í Malasíu eða Tælandi eða Indónesíu en hér í kuldanum og myrkrinu. En þess var ekki kostur. Flóttamannavandinn var svo gífurlegur að þessar þjóðir gátu ekki tekið við fleirum.

Pabbi var sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum, var í stjórn og hafði farið út til Malasíu að sækja fólkið. Hann tók starfið alvarlega. Pabbi var 200% bjartsýnismaður. Hann sagði alltaf að nýtt fólk myndi auðga menninguna. Flóttamennirnir hefðu örugglega margt fram að færa. Hans von var t.d. að við fengjum etníska veitingastaði svo að landinn hefði annað val en Esjuberg eða Hótel Holt. Þar varð honum að ósk sinni.

Langhlaup að byggja upp nýtt líf

Pabbi vissi að það var langhlaup að byggja nýtt líf. Hann hjálpaði fólki að finna vinnu, kaupa húsnæði og gera skattskýrslur í mörg ár. Um tíma fannst mér einhver koma á hverju kvöldi að leita aðstoðar, yfirleitt um kvöldmatarleitið því að þá var pabbi líklegastur til að vera heima.

Að eiga föður sem var ofursjálfboðaliði þýddi að öll fjölskyldan var munstruð með. Hann vildi kynna íslenska siði fyrir nýja fólkinu. Á fyrstu aðventunni var ein stórfjölskylda drifin í laufabrauðsgerð. Það var árið sem meirihlutinn af laufabrauðinu hafði kínversk tákn. Á aðfangadag kl. 5.30, einmitt þegar hárrétta rjúpnalyktin var komin í húsið, birtist einn víetnaminn með fimm föt af ilmandi mat. Hann vissi að það var stórhátíð framundan. Vissi hins vegar ekki að Íslendingar halda stórhátíðir aðallega með því að loka sig inni með sínum nánustu í stað þess að bjóða sem flestum til veislu. Þetta var sömu jólin og ung víetnömsk stúlka sem var boðin í mat á aðfangadagskvöld reyndi kurteislega að renna niður bita af rjúpu og sagði svo við eftirvæntingarfulla gestgjafana: „Bragðast eins og kjúklingur.“ Og brosti.

Áratug síðar var ég í Tælandi og náði mér í bækur um siði þarlendra. Þá laukst upp fyrir mér margt sem okkur hafði þótt undarlegt í fari Víetnamanna. Og ég sá líka hvað þeim hefur þótt við undarleg og dónaleg og hávær. Og mér fannst merkilegt að þrátt fyrir þennan gýfurlega menningarmun skildu þeir flestir hafa ílengst og orðið virkir þegnar. Og vinir okkar. Mamma og pabbi héldu jólaboð fyrir alla þessa flóttamenn sem komu 1979 og síðar maka og afkomendur í áratugi. Þegar fram leið var þetta eina skipti ársins sem allir hittust aftur.

Okkur ber að hjálpa

Fyrir pabba var málið einfalt. Okkur ber að hjálpa öðrum sem manneskjur og sem þjóð í samfélagi þjóða. Það tók mig lengri tíma að skilja þetta. Fyrst vildi ég hjálpa af því að ég væri svo góð, og þetta væri svo gott fólk. Staðreyndin var hins vegar sú að bæði ég og þau vorum manneskjur, stundum góð, stundum leiðinleg. Ef hjálpin hvíldi eingöngu á gæsku minni var hún í hættu daginn sem ég vaknaði í vondu skapi. Ég áttaði mig á að við tökum ekki móti flóttafólki til að sanna gæsku okkar eða vegna gæsku þeirra. Við hjálpum fólki af því að okkur ber að gera það. Af því að við eigum aðild að alþjóðasamfélaginu og höfum undirritað sáttmála um mannréttindi. Og – ef við erum kristin – af því að þetta er boðskapur kristinnar trúar.

Nú stöndum við frammi fyrir nýrri áskorun vegna flóttamanna. Gríðarlega margir hafa lýst sig fúsa til að hjálpa. Það er frábært. Það er gefandi að vera sjálfboðaliði. Við gefum og við þiggjum. Við kennum og við lærum.

„Ég áttaði mig á að við tökum ekki á móti flóttafólki til að sanna gæsku okkar eða vegna gæsku þeirra. Við hjálpum fólki af því okkur ber að gera það.

Við getum vel hjálpað

Aðrir hafa bent á áskorarirnar. Það þarf að tryggja húsnæði, skóla, aðstoð, sálrænan stuðning. Við viljum gera vel. Sumir benda sérstalega á vandann: fólkið kann ekki íslensku, hefur aðra siði – væri ekki betra að koma á friði heima hjá því? Vissulega væri friður bestur en hann er ekki í sjónmáli. Og meðan svo er ekki er fólk á vergangi í örvæntingarfullri leit að lífi. Enn aðrir benda á kostnað og það er vissulega rétt að það kostar samfélagið að taka við flóttafólki. En er ekki undarlegt að gera ráð fyrir að sá kostnaður komi í veg fyrir stuðning við aðra sem þurfa á félagslegri þjónustu að halda? Á alþjóðavísu erum við ríkt samfélag. Við getum vel hjálpað.
Það er fyrsta hjálp að skapa öryggi – húsaskjól og mat. Næsta hjálp að styðja fólk í að byggja líf að nýju.

Við höfum miklu meiri þekkingu og getu nú en við höfðum árið 1979 þegar við tókum við hópi sem var úr allt öðrum menningarheimi. Hjálp okkar verður aldrei fullkomin, en við getum lagt okkar af mörkum og þar með stuðlað að því að þau sem hafa misst allt geti að nýju eignast líf og von. Og það er mikils virði.

Grein þessi birtist fyrst á tru.is

HLJÓMGÆÐI
MEÐ BESTU EINKUNN

Í nýlegri óháðri rannsókn á bestu tækjum frá fimm framleiðendum gaf hópur heyrnartækjanotenda ReSound tækjum með Surround Sond hljóðvinnslu bestu einkunn.
Við teljum að þú munir einnig gera það.

HEYRN

FRAMHALD AF FORSÍÐU

Frá vinstri: Theódór Júlíusson, leikari og heiðurslistamaður Kópavogs frá því í fyrra; Jón Adolf Steinólfsson, myndhöggvari og bæjarlistamaður í ár, Ragnar Th. Sigurðsson, ljósmyndari og heiðurslistamaður í ár, Karen E. Halldórsdóttir, formaður lista- og menningarráðs og Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs.

Með vali á heiðurslistamanni er verið að heiðra listamann fyrir ævistarf en Ragnar Th. hefur starfað sem atvinnuljósmyndari í meira en þrjátíu ár. Hann er einkum þekktur fyrir náttúruljósmyndir sínar og hefur tekið myndir á Norðurheimskautssvæðinu í áratugi. Hann hefur hlotið fjölda viðurkenninga og ljósmyndir hans hafa birst víða, svo sem í dagblöðum á borð við New York Times, Time, Newsweek, National Geographic, Digital Photographer og Geographical. Ragnar hélt sýningu á myndum sínum í Gerðarsafni fyrr á árinu og styrkti endurhæfingarmiðstöðina Ljósið með ágóða af sölu verka sem seldust í framhaldi sýningarinnar hjá ljósmyndastúdíói hans Artic-Images.

Í fyrra var Theódór Júlíusson leikari útnefndur heiðurslistamaður Kópavogs og á sama tíma voru listakonurnar Þuríður Blær Jóhannsdóttir, Tinna Sverrisdóttir og Salka Sól Eyfeld útnefndar bæjarlistamenn. Lista- og menningarráð hefur útnefnt heiðurslistamann Kópavogs frá árinu 1988 en í annað sinn í ár er jafnframt valinn bæjarlistamaður. Tilgangurinn er að varpa ljósi á þá fjölmörgu og hæfileikaríku listamenn sem búa í Kópavogi og hafa átt þátt í því að auðga menningarlíf bæjarins í gegnum árin.

Í ávarpi Karenar E. Halldórsdóttur, formanns lista- og menningarráðs, kom meðal annars fram að Gamli bærinn, þar sem athöfnin fór fram, er fyrsta húsið sem friðað hefur verið í Kópavogi. Friðunin nær til ytra byrðis húsasamstæðunnar, en elsta hús hennar var byggt á árunum 1902 til 1904. Húsið er elsta hús Kópavogs og er eitt fárra steinhlaðinna húsa sem enn standa utan Reykjavíkur. „Því hefur það ásamt síðari tíma viðbyggingum mikið varðveislugildi sem eini uppistandandi vitnisburðurinn um elstu byggð Kópavogs og þann búskap sem stundaður var frá fornu fari á því svæði sem nú markar þéttbýli Kópavogs," segir í umsögn húsafriðunarnefndar.

„Með Gamla bænum felast gullin tækifæri fyrir listir og menningu; viðburði, vinnustofur eða hvaðeina. Húsið, ásamt Hælinu, var meðal annars nýtt undir listviðburði, gjörninga og sýningar á alþjóðlegu listahátíðinni CYCLE sem fram fór í Kópavogi ágúst í sumar með stuðningi lista- og menningarráðs og starfsmanna menningarsviðs bæjarins. Næsta sumar stendur til að sýna í Gamla bænum verk eftir unga grunnskólanema sem unnin verða í leiðsögn nýs bæjarlistamanns.

Gamli bærinn má muna sinn fífil fegurri. Hugmyndin er að nýta bæinn undir listviðburði.

BÆJARLISTAMAÐUR 2015

Jón Adolf Steinólfsson, myndhöggvari

Jón Adolf hefur sinnt list sinni í áratugi. Hann hefur tekið þátt í tugum einka- og samsýninga á verkum sínum. Verk hans prýða söfn og bæjarfélög um allt land en einnig erlendis. Hann hefur staðið fyrir því að fá heimsþekkta listamenn til Kópavogs og haldið námskeið. Jón Adolf hefur haldið fjölmörg námskeið um allt land; hann hefur kennt eldri borgurum, haldið námskeið fyrir Rauða krossinn og vinnumálastofnun svo eitthvað sé nefnt. Hann vakti ekki síst athygli lista- og menningarráðs fyrir hversu umhugað honum er að gera ungmennum kleift að koma endurgjaldslaust á námskeið í listsköpun og tréútskurði. Hann mun starfa með átta til níu ungmennum úr Kópavogi í vetur og kenna þeim listsköpun og jákvæða hugsun.

HEIÐURSLISTAMAÐUR 2015

Ragnar Th. Sigurðsson, ljósmyndari og Norðurheimskautsfari

Með vali á heiðurslistamanni er verið að heiðra listamann fyrir ævistarf en Ragnar Th. hefur starfað sem atvinnuljósmyndari í meira en þrjátíu ár. Hann er einkum þekktur fyrir náttúruljósmyndir sínar og hefur tekið myndir á Norðurheimskautssvæðinu í áratugi. Hann hefur hlotið fjölda viðurkenninga og ljósmyndir hans hafa birst víða, svo sem í dagblöðum á borð við New York Times, Time, Newsweek, National Geographic, Digital Photographer og Geographical. Ragnar hélt sýningu á myndum sínum í Gerðarsafni fyrr á þessu ári, um leið og fram fór sýning Blaðaljósmyndarafélagsins og styrkti hann endurhæfingarmiðstöðina Ljósið um ágóða af sölu verka sem seldust í framhaldi sýningarinnar hjá ljósmyndastúdíói hans, Arctic-Images.

SALURINN

Söngur, sögur og hamingja í Salnum í haust

Góð tónlist, sögur, gleði og hamingja einkennir haustið í Salnum.

Nýjunga gætir við í viðburðum á við Hamingjuna og Úlfinn þar sem tónlist og frásögn tvinnast saman í einstakri upplifun; Kvikmyndatónleikum þar sem tónlist Woody Allens verður flutt í bland við líflega frásögn og tónleikum þar sem óperutónlistin verður kynnt í tónum og tali af Óp-hópnum. Jón Ólafsson heldur áfram að taka á móti gestum sjöunda árið í röð í Salnum og tónleikagestir geta áfram litið inn í Salinn í hádeginu og notið góðrar tónlistar. Að auki verða fjölda annarra frábærra tónleika á dagskrá í vetur.

Þann 17. september mæta tónlistarmaðurinn Jónas Sigurðsson og Héðinn Unnsteinsson, höfundur sögunnar Vertu Úlfur, í Salinn með dagskrá sína um Hamingjuna og Úlfinn. Á eftirminnilegan hátt fjallar Jónas um hamingjuna í tónum og töluðu orði og Héðinn gerir lífsorðunum fjórtán skil og fjallar um lífsreynslu sína og hamskipti. Kvikmyndatónleikar RIFF að þessu sinni verða með nýstárlegu sniði sem samblanda af uppistandi/spjalli og jazztónum. Til umfjöllunar er kvikmyndatónlist Woody Allens sem flutt verður af jazzkvintett skipuðum Hauki Gröndal, Ásgeiri Ásgeirssyni, Gunnari Gunnarssyni, Þorgrími Jónssyni og Hannesi Friðbjarnarsyni. Edda Björg Eyjólfsdóttir leiðir áheyerndur í gegnum kvikmyndasögu leikstjórans á lifandi og skemmtilegan hátt. Gestir Jóns Ólafssonar í tónleikaröðinni Af fingrum fram eru orðnir 24 og í vetur bætast við þann hóp tónlistarmennirnir Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Páll Rósinkranz og Laddi. Að auki verða endurteknir tónleikar með Eivöru Pálsdóttur, Sigríði Thorlacius, Páli Óskari og Pálma Gunnarssyni en færri komust að en vildu á síðustu tónleika þeirra með Jóni. Nánar um spennandi vetrardagskrá Salarins á salurinn.is og í síma: 4417 500.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996
Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

MENNING

Listamannaspjall um New Release

Á morgun, sunnudaginn 13. september verður listamannaspjall um sýninguna NEW RELEASE kl. 15 í Gerðarsafni. Tónskáldin Einar Torfi Einarsson og Þráinn Hjálmarsson munu ræða verk sín á sýningunni sem standa á mörkum tónlistar og myndlistar. Sýningin NEW RELEASE er hluti alþjóðlegu listahátíðarinar CYCLE sem fór fram í menningarhúsum og almenningsrýmum í Kópavogi 13.-16. ágúst. Á sýningunni eru verk íslenskra og erlendra listamanna sem standa á mörkum samtímatónlistar, gjörningalistar, myndlistar og hljóðlistar.

Listamenn sýningarinnar eru Andreas Greiner, Tyler Friedman, Berglind María Tómasdóttir, Bergrún Snæbjörnsdóttir, Boris Ondreika, Charles Stankievech, Christina Kubisch, Curver Thoroddsen, Einar Torfi Einarsson, Gjörningaklúbburinn, Hulda Rós Guðnadóttir, Jeremy Shaw, Katrína Mogensen, Logi Leó Gunnarsson, Ólafur Elíasson, Sigtryggur Berg Sigmarsson, Sigurður Guðjónsson og Þráinn Hjálmarsson.

Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

Leiðrétting:
Vallargerðisvöllur heitir að sjálfsögðu Vallargerðisvöllur en ekki Valbjarnarvöllur eins og misritaðist hjá okkur í síðasta tölublaði í fyrirsögn aðsendrar greinar. Hlutaðeigandi eru beðnir innilegrar afsökunar á þessum ruglingi. ritstj.

KARFAN

Snjólfur Björnsson til liðs við Breiðablik

Snjólfur Björnsson hefur skrifað undir samning um að spila með Breiðablik í vetur. Snjólfur er 21 árs, 183 cm baráttuglaður bakvörður sem kemur frá Snæfelli þar sem hann spilaði um 15 mínútur í leik á síðasta tímabili. Snjólfur er þekktur fyrir mikla baráttu og sterkan varnarleik auk þess að vera mikill leiðtogi á velli. Við bjóðum Snjólf hjartanlega velkominn í Kópavoginn.

MYNDIN

Útsýnið úr nýja turninum við Smáralind þar sem rætt er um að flytja Bæjarskrifstofur Kópavogs er stórfenglegt.

Til hamingju Breiðablik, Íslandsmeistarar 2015

TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
Smiðjuvegur 2, 200 Kópavogur
www.bifreidaverkstaedi.is
S:587 1350

Lóður

BÍLRÚÐU MEISTARINN

TENGI

TMÍ
TRYGGINGAMIÐLUN ÍSLANDS

BYKO

BLIKKÁS – FUNI

JÁKÓ
vélar og efnavörur sf.

Frumherji
Bifreiðaskoðun

HAFIÐ
FISKVERSLUN

MótX ehf

KÓPAVOGSBLAÐIÐ

www.kopavogsbladid.is

HRÓSIÐ FÁ VASKIR STUÐNINGSMENN BREIÐABLIKS, KÓPACABANA

SPURNING DAGSINS

Hvernig eru spjaldtölvurnar?

(nemendur í íslenskuhóp í 9 bekk Álfhólsskóla svara):



Blazej Kozicki 9 HGG:
„Mér finnst gaman að fá spjaldtölvu. Samt á ég spjaldtölvu og þarf ekki að vera með tvær en spjaldtalvan mín er orðin gömul. Ég er búin að eiga hana í um tvö ár og það verður gaman að fá nýja. Ég held að þetta eigi eftir að hjálpa krökkum í námi. Það verður hægt að fara á netið og afla sér upplýsinga. Það þarf ekki að nota eins mikið af blöðum því kennarinn getur sent nemendum verkefnin og þau geta unnið þau á spjaldtölvuna."

Eygló Rut Hákonardóttir 9 HP:
„Að fá spjaldtölvu í skólanum gefur manni tækifæri til að vinna námið öðruvísi heldur en verið hefur. Þegar spjaldtölvan kemur er hægt að ná í upplýsingar á netinu og nota í verkefnin sem maður er að vinna. Spjaldtölvan mun hjálpa þeim nemendum sem finnst kannski erfitt að leita upplýsinga í bókum. Hægt er að vinna öll verkefni öðruvísi með spjaldtölvu. Þannig að þetta verður kannski góður kostur. En ef til vill getur þetta orðið vesen þegar í framhaldsskóla er komið því þá er maður orðinn svo vanur að nota spjaldtölvu."

Cindy Natica Joseph 9 BB:
„Mér finnst bara fínt að við séum að fá spjaldtölvur. Við munum læra meira en við höfum gert og ég vil bara segja takk kærlega fyrir að láta okkur fá slíkt tæki. Ég held að þetta muni hjálpa krökkum mikið. Ekki er hægt að gleyma heimavinnunni því það er allt í spjaldtölvunni. Ég hlakka mikið til að fá spjaldtölvu."

Gabríel Eric Einarsson 9 HP:
„Að fá spjaldtölvur í skólana er mjög sniðug hugmynd. Kannski finnst sumum betra að læra í bókum en ég held að það muni hjálpa fullt að fá þær því þær eru mun léttari en tíu bækur og léttara verður að ganga með spjaldtölvur. Við munum halda samt í einhverjar bækur en þessar spjaldtölvur eru með fullt af „öppum". Þannig að við gætum alveg sleppt því að nota bækur. Fyrir þá sem eru handleggsbrotnir og bara fyrir fólk sem getur ekki skrifað með blýöntum geta spjaldtölvurnar verið mikill kostur."

Ralf Alexander Fursenkon 9 BB:
„Ég er bara mjög spenntur fyrir því að fá spjaldtölvu og það verður miklu skárra að vera í skólanum. Já, það verður örugglega geðveikt að nota þá í tímum, ég er mjög „pepp" í þetta!"

Sérþekking í Kópavogi

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmára 6

510 7900

fastlind.is

Uppspretta ánægjulegra viðskipta